



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisölfraði

3. árg. 4. tölublað. Apríl 2009.

EFNI:

Starfsleyfi
heilbrigðisstétta
1. apríl 2008 –
1. apríl 2009

bls.
1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

STARFSLEYFI HEILBRIGÐISSTÉTTA 1. APRÍL 2008 – 1. APRÍL 2009

Þann 1. apríl 2008 tók Landlæknisembættið við útgáfu starfsleyfa til löggiltra heilbrigðisstétta, en heilbrigðisráðuneytið gaf út slík leyfi fram að þeim tíma. Á þessu fyrsta ári voru útgefin starfsleyfi alls 853, þar af voru almenn leyfi 757 og sérfræðileyfi 97. Tölur um útgefin starfsleyfi segja þó ekki til um það hvað margir leyfishafanna starfa á Íslandi.

Á Íslandi eru alls 32 löggiltar heilbrigðisstéttir, sem mun vera óvanalega mikill fjöldi í samanburði við önnur lönd. Mismunandi lög og reglur gilda um veitingu starfsleyfa til einstakra heilbrigðisstétta. Sérstök lög gilda um 13 heilbrigðisstéttir, t.d. lækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, tannlækna og ljósmæður. Um aðrar stéttir gilda lög nr. 24/1985.

Flestir sem fá starfsleyfi eru að fá slík leyfi í fyrsta skipti, en þó nokkur hluti hefur fengið sams konar starfsleyfi í öðrum löndum og sækir um staðfestingu leyfis hér á landi. Aðeins þeir sem hafa gilt starfsleyfi hér á landi mega starfa sem löggiltir heilbrigðisstarfsmenn.

Fjöldi útgefna sérfræðileyfa 1. apríl 2008 - 1. apríl 2009

Heilbrigðisstéttir

Hjúkrunarfræðingar	10
Lífeindafræðingar	4
Læknar	69
Sálfræðingar	5
Sjúkraþjálfarar	4
Tannlæknar	5

Samtals 97

Umsækjendur sækja um starfsleyfi á sérstökum eyðublöðum og senda til Landlæknisembættisins ásamt nauðsynlegum fylgigögnum. Landlæknisembættið sendir umsóknargögn oft til sérstakra umsagnaraðila til mats á hæfi umsækjenda áður en umsóknir eru afgreiddar. Afgreiðslutími umsókna er mislangur enda afgreiðsla sumra mála mun flóknari en annarra.

Fjöldi útgefna almennra starfsleyfa 1. apríl 2008 – 1. apríl 2009

Heilbrigðisstéttir

Áfengis- og vímuefnaráðg	6	Næringarfræðingar	6
Félagsráðgjafar	38	Næringarráðgjafar	0
Fótaaðgerðafraeðingar	2	Næringarrekstrafræðingar	1
Geislafræðingar	5	Osteopatar	2
Hjúkrunarfræðingar	131	Sálfræðingar	32
Hnykkjar	0	Sjöntækjafraeðingar	5
Iðjuþjálfar	15	Sjúkraflutningamenn	46
Lífeindafræðingar	14	Sjúkraliðar	215
Ljósmæður	11	Sjúkranuddarar	1
Lyfjafræðingar	23	Sjúkraþjálfarar	37
Lyfjatæknar	7	Stoðtækjafraeðingar	4
Læknar	89	Talmeinafræðingar	0
Læknaritarar	8	Tannfræðingar	3
Matartæknar	5	Tannlæknar	8
Matvælafræðingar	0	Tanntæknar	1
Náttúrufræðingar	0	Þroskaþjálfarar	42

Samtals

757

Meirihluti þeirra sem sækja um starfsleyfi uppfyllir skilyrði og fær útgefin starfsleyfi embættisins. Þeir sem af einhverri ástæðu fá synjun starfsleyfis geta kært synjunina til heilbrigðisráðuneytisins.

*Birna
Sigurbjörnsdóttir*